

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogsbæjar vegna íbúðarbyggðar og opinna svæða á Nónhæð.

Skipulagsstofnun staðfesti 2. febrúar 2018 breytingu á aðalskipulagi Kópavogsbæjar 2012-2024 sem samþykkt var í bæjarstjórn 12. desember 2017.

Í breytingunni felst að svæði, sem skilgreint er sem samfélagsþjónusta S-48 og opin svæði á Nónhæð, er breytt í íbúðarbyggð fyrir allt að 140 íbúðir og opin svæði.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 229/2018 sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda þann 28. febrúar sl. um breytingu á aðalskipulagi Kópavogsbæjar vegna íbúðarbyggðar á Nónhæð.

Skipulagsstofnun, 13. mars 2018.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 14. mars 2018